

Mánudaginn 18. maí 1992.

Nr.348/1990.

Porkell Diego

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði rafiðnaðarmanna,

Lífeyrissjóði mál- og skipasmiða

(Guðni Haraldsson hrl.),

Baldvin Ómari Magnússyni og

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Nauðungaruppboð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1990 og krefst þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð, þ.e. þriðja og síðasta uppboð, sem fram fór 29. ágúst 1990 á 4. hæð húseignarinnar Dugguvogs 12 í Reykjavík, verði ómerkt og að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Baldvins Ómars Magnússonar eru ekki gerðar kröfur í málinu, og við munnlegan málflutning var ekki sótt þing af hans hálfu.

Aðrir stefndu krefjast staðfestingar hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Með bréfi til borgarfégetaembættisins í Reykjavík 9. júní 1989 krafðist Brynjólfur Eyvindsson héraðsdómslögmaður vegna stefnda Lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna nauðungaruppboðs til lúkningar skuld samkvæmt tveim veðskuldabréfum, út gefnum af áfrýjanda 13. júní 1988 til Húsvirkis hf., hvoru upphaflega að fjárhæð 700.000 krónur. Bréfin voru til 10 ára með gjalddögum tvisvar á ári, í fyrsta sinn 10. desember 1988. Þau voru verðtryggð, með 9,5% ársvöxtum og tryggð með 3. veðrétti í 4. hæð hússins nr. 12 við Dugguvog í Reykjavík, sem þá var þinglesin eign Húsvirkis hf. Hvorki verður ráðið af uppboðsbeiðni né skuldabréfunum, sem

lögð eru fyrir Hæstarétt í ljósriti, hvort af þeim hafði verið greitt, áður en uppboðs var krafist, en þá var ein afborgun fallin í gjalddaga og komið að 2. gjalddaga. Uppboðsandlags er ekki getið í uppboðsbeiðninni, og hún ber ekki með sér, að uppboðsheimildir hafi fylgt henni til uppboðshaldara. Áfrýjandi er í beiðninni sagður vera uppboðspoli, þótt annar aðili væri þinglesinn eigandi uppboðsandlagsins. Var þetta ekki skýrt frekar. Síðar bárust uppboðsbeiðnir frá öðrum stefndu.

Málið var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti 12. október 1989 eftir auglýsingar í 106., 110. og 115. tbl. Lögbirtingablaðs. Þing var sótt af hálfu uppboðsbeiðanda, og var beiðni hans lögð fram ásamt fyrrgreindum skuldabréfum, en af hálfu áfrýjanda var ekki mætt. Sala á eigninni var ákveðin 15. nóvember 1989. Málið kom fyrir þann dag, og var sótt þing af hálfu uppboðsbeiðanda, en enginn mætti af hálfu áfrýjanda. Söluutilraun var gerð, og kom eitt boð í eignina, 10.000 krónur. Var það frá uppboðsbeiðanda. Þess var þá óskað, að fram færi annað og síðara uppboð, og var það ákveðið 12. desember 1989. Á dómþingi þann dag var sótt þing af hálfu uppboðsbeiðanda og stefnda Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. Af hálfu áfrýjanda var ekki sótt þing. Málinu var þá frestað til 6. mars 1990. Á dómþingi þann dag var mætt af hálfu uppboðsbeiðanda og einnig af hálfu stefndu Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða og Baldvins Ómars Magnússonar. Ekki var sótt þing af hálfu áfrýjanda. Málinu var frestað til 18. maí 1990. Þá var mætt af hálfu annarra stefndu en Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Nú sótti áfrýjandi þing og með honum Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður. Gerð var söluutilraun, og kom eitt boð í eignina. Var það af hálfu stefnda Baldvins Ómars Magnússonar, að fjárhæð 300.000 krónur. Áfrýjandi óskaði þess, að fram færi þriðja og síðasta uppboð, og var það ákveðið 14. júní 1990. Uppboði þessu mun hafa verið frestað utan réttar um ótiltekinn tíma, þar sem áfrýjandi hafði þá fengið greiðslustöðvun. Næst var dómþing háð í málinu 29. ágúst sama ár að undangenginni auglýsingu í dagblaði. Í þinghaldi þann dag voru lagðar fram uppboðsbeiðnir annarra stefndu en Lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna. Mætt var af hálfu annarra stefndu en Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Áfrýjandi sótti þing. Uppboðshaldari færði til bókar, að gætt hefði verið leiðbeiningarskyldu gagnvart

honum. Fór nú fram sala á eigninni, og var gerð svofelld bókun um hana:

„...Lesnir uppboðsskilmálar. Þessi boð komu nú fram:

kr. 5.000.000,00 Stefán Gunnarsson fyrir Húsvirki hf.

kr. 6.000.000,00 Hafsteinn Haster (sic), Barðaströnd 45.

kr. 8.000.000,00 Benedikt Sigurðsson hdl. fyrir Lífeyrissjóð raf-iðnaðarmanna og krefst útlagningar.

kr. 10.000.000,00 Steingrímur Eiríksson fyrir Lífeyrissjóð málm- og skipasmiða og krefst útlagningar.

kr. 11.000.000,00 Benedikt Sigurðsson fyrir sama og áður.

kr. 12.000.000,00 Steingrímur Eiríksson fyrir sama og áður.

kr. 12.500.000,00 Benedikt Sigurðsson fyrir sama og áður.

kr. 12.800.000,00 Stefán Gunnarsson fyrir sama og áður.

kr. 13.500.000,00 Benedikt Sigurðsson fyrir sama og áður.

Fleiri boð komu ekki fram. ... Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvörðun um fram komin boð.“

II.

Áfrýjandi áskildi sér í stefnu rétt til að bera fram kröfur og málsástæður fyrir Hæstarétti með skírskotun til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hefur það ekki sætt mótmælum af hálfu stefndu. Þykir eftir atvikum rétt að leyfa þetta að takmörkuðu leyti, þótt áfrýjanda hafi verið í lófa lagið að hafa uppi í héraði mótmæli sín og málsástæður, enda raskar það ekki grundvelli málsins. Um málsástæður áfrýjanda verður þó aðeins fjallað, að því er varðar atriði, sem komið gátu til álita fyrir uppboðsrétti ex officio og varða málalíbúnað uppboðsbeiðanda og málsmeðferð uppboðshaldara. Jafnframt verður haft í huga, að engar athugasemdir eða mótmæli voru höfð í frammi af hálfu áfrýjanda við málsmeðferð í uppboðsrétti.

III.

Árýjandi reisir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að í fyrstu uppboðsbeiðni sé hvorki gerð grein fyrir uppboðsandlagi né þinglesnum eiganda þess, svo sem skylt hafi verið samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949.

Samkvæmt nefndu lagaákvæði skal greina í uppboðsbeiðni, svo

að ekki verði um villst, nafn og heimili uppboðsbeiðanda og uppboðspola og enn fremur skuldara, sé hann annar en uppboðspoli, en þannig stóð á í umræddu tilviki, þegar uppboðsbeiðni var send uppboðshaldara. Þá er og skylt að greina í uppboðsbeiðni nægilega glöggst þau verðmæti, sem uppboðs er krafist á. Hvorugu þessara skilyrða var fullnægt. Uppboðshaldara var því rétt, sbr. 13. gr. laga nr. 57/1949, að krefjast þess af uppboðsbeiðanda, að bætt yrði úr þessum annmörkum, en hafna uppboðsbeiðninni að öðrum kosti. Það var ekki gert. Á það er hins vegar að líta, að uppboðsheimildir voru sendar með beiðninni, þótt hún beri það ekki með sér, og af þeim varð það að nokkru ráðið, sem beiðninni var áfátt um nefnd atriði. Framangreindir gallar á uppboðsbeiðninni komu því ekki að sök og valda ekki ómerkingu uppboðsmálsins.

Í öðru lagi reisir áfrýjandi kröfu sína á því, að hann hafi verið eigandi umræddrar eignar, þegar uppboðsmeðferð hófst, en þrátt fyrir það hafi tilkynningar um uppboðið ekki verið sendar sér, heldur fyrrverandi eiganda. Sé það ekki í samræmi við 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Í gögnum málsins nýtur hvorki upplýsinga um, hvort áfrýjanda var send tilkynning um fram komna uppboðsbeiðni, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949, né heldur, hvernig háttað var tilkynningu um uppboðið, áður en uppboðsauglýsing var send til birtingar í Lögbirtingablaði. Á hinn bóginn eru í gögnum málsins tilkynningar um auglýsingar, sem birtar voru í dagblöðum. Hin fyrsta er um uppboðið, sem fór fram 15. nóvember 1989. Móttakandi hennar er tilgreindur Húsvirki hf., Ystaseli 30, Reykjavík. Önnur tilkynningin er um auglýsingu á uppboði því, sem fram fór 12. desember sama ár. Móttakendur samkvæmt henni eru tilgreindir Húsvirki hf. og áfrýjandi og heimilisfang Ystasel 30, Reykjavík. Þriðja tilkynningin er um auglýsingu á uppboði því, sem fram fór 6. mars 1990. Tilgreining móttakanda á henni er eins og á fyrstu tilkynningunni. Þrjár síðustu tilkynningarnar eru um auglýsingar á uppboðum 18. maí 1990, 14. júní sama ár og 29. ágúst sama ár. Þær eru stílaðar á áfrýjanda einan, og er ekki vefengt, að þær hafi verið sendar honum.

Afsal til áfrýjanda fyrir umræddri eign er dagsett 13. júní 1988, en það var ekki móttakið til þinglýsingar fyrr en 6. júní 1990 og

innfært í þinglýsingabók 8. sama mánaðar. Samkvæmt framan-sögðu voru tilkynningar uppboðshaldara um sölu á eigninni eftir það allar sendar áfrýjanda. Uppboðshaldara mátti hins vegar vera ljóst af uppboðsbeiðni og uppboðsheimildum, að fram að þeim tíma var skuldari og uppboðsþoli ekki einn og sami aðili. Var honum því skylt samkvæmt 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 að senda þeim báðum lögboðnar tilkynningar um uppboðið. Þessir gallar á málsmeðferð ollu áfrýjanda þó ekki réttarspjöllum, þar sem tryggt var með síðari tilkynningum uppboðshaldara, að honum gæfist í tæka tíð nægur kostur þess að gæta réttar síns í uppboðsmálinu. Valda þeir því ekki ómerkingu þess.

IV.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, eru hvorki næg efni til þess að ómerkja þriðja og síðasta uppboð á framangreindri eign né uppboðsmálið í heild. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Auk þeirra galla á málátilbúnaði uppboðsbeiðanda og málsmeðferð uppboðshaldara, sem að framan er lýst, eru brögð að því, að bókanir í þingbók um þá, sem mættu í uppboðsrétti við þinghöld í málinu, séu ónákvæmar. Meðal annars er ekki gerður greinarmunur sem skyldi á uppboðsbeiðanda og öðrum aðilum uppboðsmálsins annars vegar og umboðsmönnum þeirra hins vegar. Ber að átelja alla þessa ágalla.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Þorkell Diego, greiði stefndu Lífeyrissjóði raf-iðnaðarmanna, Lífeyrissjóði mál- og skipasmiða og Gjaldheimtunni í Reykjavík 25.000 krónur hverjum í málskostnað fyrir Hæstarétti.